



Landsliðsnefnd LH



Formaður: Pjetur N. Pjetursson

Þórir Örn Grétarsson

Sigurbjörn Bárðarson

Jóna Dís Bragadóttir

Haukur Baldvinsson

Helgi Jón Harðarson

Benedikt G. Benediktsson

Liðsstjóri: Páll Bragi Hólmarsson



Verkefni

Aðalverkefni nefndarinnar var Norðurlandameistarmótið í BIRI í Noregi. Aldrei hefur farið jafn stórt lið á NM eins og í sumar eða 20 knapar sem flestir voru á lánshestum, en 5 hestar fóru héðan að heiman. Páll Bragi Hólmarsson var liðsstjóri, Elvar Einarsson aðst. Liðsstjóri og 2 úr Landsliðsnefndinni Pjetur N. Pjetursson og Þórir Örn Grétarsson voru til aðstoðar.

Knaparnir kepptu í íþrótt- og gæðingakeppni og stóðu sig frábærlega vel – allir knapar riðu úrslit í sínum greinum og við fengum 3 gull, 9 silfur og 4 brons. Hópurinn var mjög vel skipaður af frábæru íþróttafólki, sem lagði allan sinn metnað í standa sig vel.

Fjáröflun er stór þáttur í starfi nefndarinnar. Haldnir voru 2 stórvíðburðir í Samskipahöllinni: Ískaldar konur og Allra sterkustu um páskahelgina.



Nefndin kappkostar að eiga góð samskipti við styrktaraðila landsliðsins og endurnýjaði Lífland við okkur styrktarsamning. Ásbjörn Ólafsson gerði mjög myndarlegan 4 ára samning við okkur, auk þess hefur icelandair Cargo verið einn af okkar aðal styrktaraðilum. Ekki má gleyma Úrval Útsýn sem gert hefur við okkur samning vegna HM 2017.

Landsliðsnefndin hittist nánast vikulega allt árið um kring auk þess sem nefndarmenn eru í daglegum samskiptum.

Verkefni framundan



Næsta sumar verður Heimsmeistarmót íslenska hestsins í Oirschot, Hollandi 7 – 13 ágúst. Undirbúningur er þegar kominn á fullt. Samningaviðræður eru komnar í gang um nýja styrktaraðila. Búið er að bóka og tryggja hótél fyrir alla liðsmenn. WR tvöfalt úrtökumót hefur verið sett upp í Spretti 8 – 10 júní 2017. Búið að panta Samskipahöllina fyrir Allra sterkustu 15.apríl 2017.

Nú þarf Landsliðsnefndin að láta hendur standa fram úr ermum og safna peningum og nýjum styrktaraðilum til að unnt verði að senda út á HM 2017 fullskipað lið og gera það með reisu.

Vil þakka nefndarmönnum fyrir frábært starf og skemmtilega fundi – það gerir sjálfboðaliðastarfið þess virði að starfa að landsliðsmálunum. Verð að segja að í nefndinni eru þeir duglegustu vinnuþjarkar sem ég hef unnið með og eiga þau öll hrós skilið.

Áfram ísland

